

Afgreiðslufundur

Árið 2026, fimmtudaginn 12. mars kl. 09:00 var haldinn 1897. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Beru hf., kt. 420369-7789, dags. 2 mars 2026, um starfsleyfi fyrir geymslu og flutningi á forpökkuðum matvælum ásamt veitingastað; mötuneyti (Bera) að Köllunarklettsvegi 6, F2282385, rými 01 0101. Breytingar á húsnæði.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 13. mars 2027 í samræmi við vottorð um öryggisúttekt og með Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.
2. Lögð fram umsókn 1013 ehf., kt. 510823-0600, dags. 8. september 2025, um starfsleyfi fyrir skyndibitastað/veitingastað; veitingastofu (Rökkur) að Rökkvatjörn 1, F2525158, rými 05 0022. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
3. Lögð fram umsókn 1013 ehf., kt. 510823-0600, dags. 28. febrúar 2026, um skráningu á veitingastað (Rökkur) að Rökkvatjörn 1, F2525158, rými 05 0022. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.
4. Lögð fram umsókn Eldhús sælkerans ehf., kt. 450906-0690, dags. 25. nóvember 2024, um starfsleyfi fyrir mötuneytis- og veisluþjónustu (Eldhús sælkerans) að Höfðabakka 9, F2043253, rými 01 0115-1. Flutningur í nýtt húsnæði.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
5. Lögð fram umsókn Hvíts bross sf., kt. 701211-2350, dags. 24. febrúar 2026, um skráningu á tannlæknastofu (Hvitt bross) að Ármúla 23, F2245962, rými 02 0201. Breyting úr starfsleyfi í skráningu.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir hollustuháttastarfsemi og Sértek starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta*.
6. Lögð fram umsókn Eirar, kt. 710890-2269, dags. 5. febrúar 2026, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir dagþjónustu (Borgasel) að Spönginni 43, F2327331, merking 01-0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

7. Lögð fram umsókn Clippers ehf., kt. 671204-4410, dags. 11. febrúar 2026, um leyfi til tóbakssölu (Reykjavík Food Terminal) að Þorragötu 10. Endurnýjun leyfis.
- Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

Fundi slitið kl. 09:25

Tómas Guðberg Gíslason

Jón Ragnar Gunnarsson

Guðjón Ingi Eggertsson